

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Október 2008

Haustkveðjur frá varaformanni



Vantsdalsá, lax á við Víðihólma.

Þá er komið að lokum vertíðar þetta árið. Einhverjir eiga þó eftir sjóbirtingsferð og bjóða þannig haustlægðunum birginn. Vonandi hefur vertíðin verið ánægjuleg fyrir alla og gefið af sér hæfilega veiði. Sjálfur verð ég að viðurkenna að ég kom fisklaus heim úr þó nokkrum ferðum þetta árið. Þrátt fyrir það hef ég átt margar stórgóðar laxfiskamáltíðir og á hæfilegar birgðir í litla frystiskápnunum mínum. Þrátt fyrir á stundum dræma veiði hafa ferðirnar án undantekninga verið ákaflega ánægjulegar og koma þar til einstök náttúrufegurð, fágæt veðurblíða og ekki síst sérstaklega góðir veiðifélagar.

En nú þarf að fara að huga að því hvernig á að brúa bilið yfir í næstu vertíð. Stjórnin er þegar komin í gang með undirbúning vetrarstarfsins. Þar verður flest með hefðbundnum hætti.

Hnýtingar á mánudögum, vonandi með skemmtilegum upplestri sem oftast. Opið hús á miðvikudagskvöldum þar sem félagar geta sýnt sig og séð aðra og sagt lygasögur yfir kaffibolla, auk þess sem reynt verður að bjóða upp á fróðleik af og til. Þá er að sjálfsögðu úthlutun upp úr áramótum. Í framhaldinu verða svo þorablót og aðalfundur auk hefðbundinna voratburða og -verka.

Nýungar í framboði veiðisvæða í ár féllu vel í kramið hjá félagsmönnum og munum við reyna að halda þeim inni og jafnframt reyna að bjóða upp á fleiri. Allar ábendingar um slíkt eru vel þagnar. Þá er líklegt að öll hefðbundnu svæðin verði áfram inni í myndinni.

Snemma í vor hyggst LS halda fluguhnýtingakeppni og viljum við í stjórninni stuðla að því að Ármenn taki þar þátt. Vart þarf að ýta við gömlu refunum á

því sviði þarf vart að ýta við en stjórnin vill einnig hvetja sem flest nýliða á sviðinu til þátttöku. Það er alveg gráupplagt fyrir þá að mæta á hnýtingakvöldin og fá tilsögn hjá refunum sem þar mæta reglulega. Það er mín reynsla að þeir eru mjög góðir heim að sækja varðandi alls kyns fróðleik og tilsögn í fluguhnýtingum. Hver veit nema hægt verði að koma á einhvers konar námskeiði í fluguhnýtingum, formlegu eða óformlegu. Það væri ekki ónýtt að eiga í handraðanum eigið leynivopn þegar kemur að næstu vertíð. Tilhögun hnýtingakeppninnar verður kynnt þegar hún hefur verið skipulögð.

Stjórnin vill svo hvetja alla félagsmenn til að koma með tillögur inn í vetrarstarfið. Einnig eru frásagnir, pistlar, veiðisögur og lygasögur til birtingar í Áróði vel þagnar.

Bestu keðjur, Jón Ó.

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið

Viðtal við Ármann nr. 120 um stangarsmíði, fluguköst og sannleiksást Ármanna

Á spjalli
með Baldri



Þorsteinn Þorsteinsson skrifstofu-
stjóri er líklega betur þekktur meðal
Ármanna undir nafninu Steini stöng.
Hann var með þeim fyrstu hér á
landi sem fóru að smíða veiðistangir
úr trefjum, fyrst fyrir sjálfan sig og
svo fyrir aðra. Fágæt kunnátta Steina
spurðist út, og hann hélt nokkur
námskeið í stangarsmíði fyrir þá
fáu dellukalla sem treystu sér í það.
En Steini var líka flinkur kastari og
miðlaði mörgum af þeirri kunnáttu
sinni, bæði í riti og á fjölmörgum náms-
skeiðum Ármanna um árabil, lengst
af í íþróttahúsi Kennaraháskólans við
Háteigsveg. En flestir þekkja Steina
líklega úr veiðibúðinni Árósum við
Flóka götu sem hann rak ásamt Kol-
beini Grímssyni í um það bil tvo ára-
tugi. Þorsteinn situr nú í sæmd sinni á
Sléttuvegi 13, farinn að nálgast níurætt
en er enn léttur í spori og tekur tíð-
indamönnum Áróðs með þéttu hand-
taki og góðlátlegri kímni.

Við Kolbeinn höfðum þekkt lengi.
Það byrjaði eitthvað við veiði í
tengslum við Ármenn. Þegar við Kol-
beinn hættum að vinna um miðjan
níunda áratuginn datt mér í hug að við
settum upp sjoppu. Ég bjó þá á Flóka-
götu 62 og var með bílskúr svo það
voru hæg heimatökin. Kolbeinn kveikti
strax á hugmyndinni. Við þekktum
hvor annan nægilega vel til þess að
við höfðum vit á því að báðir fengju
að ráða. Ég fór nú ekki mikið í veiði,
Kolbeinn var miklu meiri veiðimaður
en ég, svo ég hef líklega verið meira við
þetta yfir sumarið, en við skiptumst á
að standa vaktina í búðinni. Kolbeinn
hnýtti aðallega, ég fór aðeins að hnýta
púpur en hef aldrei hnýtt laxaflugur.
Það er náttúrulega bull að hnýta þessi
listaverk eins og menn gerðu, nú gera
menn þett miklu einfaldara. Ljótustu
flugurnar geta verið þær bestu.

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13,
104 Reykjavík, sími 568 6051.
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson,
ragnarh@akureyri.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf.
www.armenn.is / armenn@armenn.is



Kennslustund í eðlisfræði kastsins

Ég byrjaði snemma í Ármönnum,
ég var ekki með frá upphafi, en búðin
tengdist Ármönnum fljótlega, við aug-
lýstum hjá þeim, bæði beint og óbeint,
og Kolbeinn trekkti að. Strax og Ármenn
komu héldu þeir tryggð við okkur. Við
vorum bara í flugunni, það mátti ekki
koma nálægt neinu öðru og það var
algerlega bannað að ræða annað við
Kolbein. Svo seldum við hnýtingardót,
þetta var eini staðurinn þar sem var
eitthvað til af því þegar við byrjuðum.
Kristján byrjaði seinna með Litlu
fluguna.

Stangarsmíði

Ég byrjaði að smíða stangir löngu
áður. Ég var með heilan kjallara þegar
ég var á Laufásveginum og dundaði við
þetta á kvöldin.

Ég hef alltaf keypt tímarit mikið, og
bækur, og þannig komst ég í tengsl
við þetta. Mig vantaði stöng, og þá var
ekki hægt að kaupa bara eina stöng,
heldur keypti ég svolítið efni, datt í
hug að hafa þetta sem hobbí, og maður


gæti þá kannski haft eitthvað uppúr
því. Þetta var þegar fyrstu fíberstang-
irnar voru að koma, og ég las mér til og
fékk efnið gegnum ameríska tímaritin,
fíberinn fékk ég frá Fenwick. Þetta er
það einfaldasta sem til er, að ná í þessi
efni. Veniardi var í fluguhnýtingarefninu,
heildsali sem gat selt manni allt sem
þurfti. Einhverjir voru þá að hnýta, en
ekki margir.

Það hefur mikið breyst í gerð stang-
anna. Þær voru meira jafnbola hér áður
og bognuðu tiltölulega jafnt alla leið
og í heild voru þær miklu mýkri. Menn
notuðu yfirleitt tvíhendur, en áttu erfitt
með að læra á þessar stóru bambus-
stengur, þær voru svo stórar og mjúkar
og þurfti ógurlega æfingu til að ná
tökum á þeim. Menn voru bara svo lítið
í flugunni að fáir lögðu á sig að æfa sig.
Örfáir átti einhendu í silung.

Glerfíberinn breytir þessu algerlega,
og hann var hundódyr. Efnið er í raun
eins og dúkur sem rúllað er upp með
lími. Fyrstu stengurnar voru rúllaðar

í höndunum. Í bambusstöngunum var ekki nóg að líma heldur varð líka að velja þær með næstum þumlungs milli-bili, bara til að halda þeim saman.

Þar næst koma grafitstangirnar, en grafitinn er miklu sneggri og liprari en glerið. Nú er unnt að velja mismunandi hraða í samsetningu og flestir vilja hraðar og stinnar stangir af því unnt er að kasta lengra með þeim, segir Þorsteinn og sýnir tíðindamönnum Áróðs kraftinn í stönginni þegar hún réttir úr sér með því að gera selbita – og svo brjóta menn þetta. En það er líka sérstakur vandi að kasta með þeim, því ef menn taka of fast á eða gefa aðalhöggið („point of impact“) á röngum tíma getur stöngin brotnað. Þú mælir ekki átakshornið – þetta er bara æfing og aftur æfing.



Þegar stöngin er fullþanir sendir hún línuna út í stefnu sem myndar 90 gráðu horn á boga stangarinnar. Þetta er augnablikið þegar stöngin tekur við línunni og skilar henni á áfangastað.

Köst og kastnámskeið

Halldór Erlendsson, faðir Ásgeirs Halldórssonar, stofnaði Sportvörugærdina og hann var aðalkastmeistari okkar. Hann byrjaði á þessu og var fenginn gengum Ármenn til að halda námskeið og svo fór ég í það með honum, Við Kolbeinn héldum svo lengi áfram í Íþróttahúsi Kennaraháskólans. Ég skrifaði kastkaflann í bókinni *Með flugu í höfðinu* sem kom út árið 1971. Stefán Jónsson var aðalhöfundurinn og þessi bók kenndi mörgum að veiða á flugu. Við lærðum mikið af Halldóri, en ég hef lært mikið síðustu árin, mest af bókum, sem ég hefði betur kunnað fyrr.

Að kenna köst er eins og að kenna billjard, kúlan er hér, segir Þorsteinn og bendir á punkt á sófaborðinu, og svo á annan: Þú ert hér – og átt að hitta í gatið. Hvernig getur þú sagt einhverjum hvernig hann á að skjóta kúlunni? Maður verður að hafa þetta á tilfinningunni. Sama er með köstin, þú átt að stoppa á tilteknum punkti en þú verður að sjálfur að finna hvar punkturinn er. Hraðinn í kastinu þarf að vera nákvæmlega sá sem er í stönginni,

það er eins og að kasta bolta, eða negla nagla. Af hverju kengja menn nagla, af hverju gengur naglinn mishratt hjá mönnum? Það má ekki muna sekundubroti. Og hvað þegar vindurinn blæs og engar tvær stangir eru eins – hvernig er unnt að leiðbeina öðrum um hið rétta augnablik?

Þú þarft að ganga lengi um á Þingvöllum áður en þú finnur mann sem kastar alveg rétt. Yfirleitt fara menn of langt fram með toppinn þannig að aðalhöggið kemur of seint, hreyfa sig allt of mikið. Þegar menn sjá til dæmis reynda kastara teygja sig bæði fram og aftur halda þeir að kastið sé alla leiðina, en átta sig ekki á að sjálft kastið er löngu búíð og menn eru bara að fylgja línunni eftir með toppnum.

Þú lærir aldrei að kasta ef þú skilur ekki hvað þú ert að gera, segir Þorsteinn af miklum þunga – og nú rifjast upp fyrir tíðindamönnum Áróðs þegar hann notaði brotinn stangartopp fyrir margt löngu til að kenna þeim eðlisfræði flugukastsins.

Halldór var einna fyrstur til að kynna skotlínur hér. Hann klippti „double-tapered“ línurnar í tvennt og bjó til skotlínu með því að nota svo nælon undir. Nú nota allir framþungar línur, og ég veit varla hvort dt-línur fást mikið í búðum nú orðið. Dt-línan er eiginlega þurrflugulína, og þarf ekki að kasta eins langt.

Það var mikill áhugi á kastleikni hér áður. Einhvern tíma á áttunda áratugnum, minnir mig, héldum við Norðurlandamót í köstum. Keppt var í lengd og nákvæmni. Það komu um 20 manns frá öllum Norðurlöndum, og þessir frægu, Halldór, Ástvaldur Jónsson, Jón Erlendsson (# 143) og við sem eitthvað gátum. Eftir mótið fékk ég bréf frá þeim þar sem þeir sögðu þetta besta Norðurlandamót sem haldið hefði verið. Ég sendi þá í veiði í Hlíðarvatni og tók þá heim og þeir voru ánægðir.

Veiði

Ég var við Sogið sem strákur, fimmtán sumur í sveit á Efri-Brú, þar sem Tómas Guðmundsson er fæddur, og veiddi í Soginu eins og hann, við Ljósafoss, en aðalstangveiðin var í Kaldárhöfða. Þar var stórrurriðinn, en hjá okkur var aðallega bleikjan. Þetta var um það leyti sem verið var að virkja Sogið.

Svo veiði ég engin ósköp eftir það, en kemst miklu síðar í kynni við Kolbein og fór að veiða með honum. Ég var aðallega með honum í Hlíðarvatni, og svo fórum við í lax hingað og þangað. Kolbeinn fór voða mikið í veiði, allar helgar, og menn vildu gjarnan fara með honum, því hann þekkti þetta allt, þeir buðu honum því hann var bíllaus.

Menn halda að ég hafi veitt eitthvað af því ég var svo mikið í veiðidótinu, en ég hef lesið heimikið og get svarað spurningum um teoriiu. Þetta er eins og að lesa um ferðalög, maður getur vitað heimikið um staði og staðhætti út um allt án þess að hafa nokkurn tíma komið þangað. Ég kunni teóriuna og þess vegna hélt fólk kannski að ég veiddi einhver ósköp.

Maður varð að vita allt. Kolbeinn var miklu meiri lygari en ég, það voru nú meiri lygasögurnar, hann hafði ekki poka undir þetta einu sinni. Ég reyndi að ljúga einhverju, og svo fræddist maður af þeim sem komu í búðina, það er galdurinn við þetta, að kunna að hlusta. Sögurnar sem sagðar voru í búðinni væru nóg í margar bækur.

Ég veiddi ekki svo mikið. Fjölskyldan var ekkert með, konan hafði litla ánægju af þessu og ég skil það vel, það er ekkert gaman að hanga yfir veiðimönnum og hlusta á þessa þvælu. En tengdasonur minn veiðir og við höfum veitt saman. Ég er ekki mikið fyrir að segja frá en ég verð að viðurkenna það að ég kann að kasta.

Sannleiksást Ármanna

Þorsteinn er heiðursfélagi í Ármönnum og hefur látið félagið hafa stangir, bækur og tímarit sem félagsmenn hafa aðgang að í Árósum.

Það er góð lesning, segir Þorsteinn, og félagið fær meira áður en lýkur. Gott væri að flokka bókakostinn, til dæmis bara um köst á einum stað, og halda honum betur að félagsmönnum. Það er ómetanlegt að lesa sér til og gefur veiðinni miklu meira gildi. Verst að menn skila aldrei neinu sem þeir fá lánað.

Ármenn eru auðvitað sérvitringaklúbbur og svona félag lifir aldrei nema sem sérvitringaklúbbur, það dregur til sín vissan hóp en hinir detta út. Búðin var félagsheimili meðan hún var og Kolbeinn hélt mönnum við efnið með sögum.

Menn láta eins og það sé aukaatriði að fá fisk. Það er nú mesta djöf... vitleysa sem ég hef heyrt, allar þessar veiðisögur, tóm lygi. Menn geta sagt eitthvað svona, „Íþrótt umfram aflamagn,“ en það er ekkert að marka, stórar ýkjur, snobb um náttúruna, veðrið og lífið. Hvað rétt eiga menn með að niðurlægja maðkaveiðimenn, bara af því menn kjósa aðra aðferð? Ég veiddi alltaf mest á maðk.

#643 skráði

Bókagjöf



Ragnar á veiðum við Hlíðarvatn að hugsa efni í nýja bók

Ármönnum barst á vordögum vegleg gjöf frá Ragnari Hólmi Ragnarssyni ritstjóra Áróðurs og fyrrverandi formanni Ármanna.

Um er að ræða allan lagerinn af bókinni "Fiskar og menn" eða nákvæmlega 365 eintök.

Bókin er samansafn greina og hugleiðinga eftir Ragnar um stangaveiði og tengd málefni, eins og nafnið ber með sér, og gaf hann hana út sjálfur árið 2003.

Bækurnar eru gefnar með því skilyrði, að þær verði ekki seldar, heldur notaðar til gjafa við hin ýmsu og viðeigandi tækifæri.

Enn einu sinni hefir Ragnar sýnt hversu hlýtt honum er til félagsins og eru honum færðar hinar bestu þakkir fyrir þessa góðu gjöf. Eintak eða tvö af bókinni eru nú þegar komnar í bókahillurnar okkar í Árósum.

Þá er rétt að minna á það, svona í leiðinni, að í bókahillunni þeirri arna

gætir margra fleiri girnilegra grasa sem og eru vel þess virði að menn geri sér þau að erindi í félagsheimilið hlýja. Komi sér svo bara notalega fyrir í leðursófasettinu með eitt rit eða tvö í hendi og kaffibolla á mánudags- eða miðvikudagskvöldum. Auðvitað í þeirri mátulega raunsýnu von að friður verði fyrir söguöldum félögum sem aldrei segja eitt ósatt orð, án þess þó að eiga erfitt um mál.

HF

Fyrirliggjandi vetrardagskrá í Árósum 2008-2009

Mánudagskvöldið 27. október kl. 20	Árósar opna. Nýir félagar sérstaklega boðnir velkomnir
Miðvikudagskvöldið 3. nóvember kl. 20	Kynning á fluguhnýtingarkeppni LS
Föstudagskvöldið 21. nóvember kl. 20	Myndir á þili, skemmtikvöld með léttum veitingum og ívafi, þar sem maður verður manns gaman.
Sunnudaginn 7. desember kl. 14	Aðventukaffi
Miðvikudagskvöldið 7. janúar kl. 22	Lokaskil veiðileyfaumsókna
Mánud.-miðvd. 26.-28. janúar kl. 20-22	Afgreiðsla veiðileyfa
Laugardagskvöldið 30. jan. kl. 20	Þorrablót
Miðvikudagskvöldið 11. febrúar kl. 20	Aðalfundur
Laugardaginn 18. apríl kl. 14	Vorblót
Helgin 25.- 26. apríl	Hlíðarvatnshreinsun

Mánudagskvöld kl. 20.00-22.00: Hnútingakvöld og fleira gott.
Miðvikudagskvöld kl. 20.00-22.00: Opið hús eða nánar auglýst dagskrá.